

SAMÞYKKT

um hundahald á Laugarvatni, Árnessýslu.

1. gr.

Hundahald á Laugarvatni sæti þeim takmörkunum, sefn kveðið er á um í 2. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum búsettum á Laugarvatni, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- b. Árlega skal sveitarstjórn greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir. Gjaldið sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn og staðfestist af heilbrigðisráðuneyti, skal renna til að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum á Laugarvatni og skal upphæð þess við það miðuð.
- c. Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingafélagi. Við árlega greiðslu leyfisgjalda skal leggja fram kvittun frá tryggingafélaginu, sem sýni að tryggingin sé í fullu gildi.
- d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- e. Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski ekki ró Laugvetninga og séu hvorki þeim né öðrum, sem um staðinn fara, til óþæginda.
- f. Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða (þ. á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts), svo og fyrirætlum, er heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir leyfi til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir, sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins.

Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds. Sveitarstjórn er heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

3. gr.

Um framkvæmd, eftirlit og önnur atriði fer samkvæmt lögum nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

4. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Laugardalshrepps staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 14. október 1986.

F.h.r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.